



77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um samstarf ÍSÍ og UMFÍ Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

77. Íþróttáþing ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hóteli, felur framkvæmdastjórn ÍSÍ að efla samstarf ÍSÍ við UMFÍ á sviði fræðslu, almenningsíþróttar, lýðheilsu og sjálfbærismála. Unnið skal að þessum sameiginlegum málaflokkum og áherslum þvert á bæði samtök þar sem báðir aðilar leggja til mannauð og fjármagn og verkefni og verksvið eru skilgreind í samstarfssamningi á milli aðila. Skal þannig vinna að því að bæta umgjörð íþróttastarfsins með bættri nýtingu fjármagns og mannauðs, til betri árangurs. Með því eru samtökin að bregðast við áskorunum bæði frá íþróttahreyfingunni og stjórnvöldum.

Greinargerð:

Í gegnum tíðina hafa fjölmargar tillögur verið bornar upp á Íþróttáþingi ÍSÍ þar sem fjallað er um aukið samstarf ÍSÍ og UMFÍ, möguleika á hagræðingu fyrir íþróttastarf á Íslandi og heildarskipulag íþróttahreyfingarinnar.

Á 73. Íþróttáþingi ÍSÍ árið 2017 var ein af ályktunum þingsins að fagna auknu samstarfi ÍSÍ og UMFÍ, en í greinargerð með þeirri tillögu sem lá fyrir þinginu kom fram að á síðustu misserum hefur samstarf ÍSÍ og UMFÍ aukist til mikilla muna og er ljóst að það samstarf hefur gefið íþróttahreyfingunni öflug verkefni og verkfæri til að vinna með í sínu starfi. Með breyttu landslagi íþróttamála og auknu samstarfi íþróttahéraða, sérsambanda, ÍSÍ og UMFÍ er að koma betur og betur fram árangur á íþróttavellinum sem hefur verið að skila sér í skilningi stjórnvalda á mikilvægi íþróttahreyfingarinnar fyrir Íslenska þjóð. Því hlýtur það að vera eðlileg ósk að samstarf sé aukið enn frekar, hreyfingunni til góða.

Í samningum sem ÍSÍ annars vegar og UMFÍ hins vegar hafa gert við mennta- og barnamálaráðuneytið vegna fjárframlaga fyrir árið 2025 er lögð áhersla á aukið samstarf. Þannig segir í samningum:

„Heildarskipulag íþróttahreyfingarinnar á Íslandi verði skoðað í samstarfi ÍSÍ og UMFÍ og tillögur að úrbótum lagðar fram á árinu 2025. Markmiðið er að finna leiðir til að bæta umgjörð íþróttastarfs með tilliti til fjármagns, mannauðs og árangurs og bregðast við áskorunum og kröfum nútíma samfélags.“

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar

77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

Undanfarin misseri hafa verið að störfum vinnuhópar, bæði hjá ÍSÍ og UMFÍ, sem hafa haft það verkefni að skoða hlutverk íþróttahéraða, umfang þeirra og rekstur. Horft hefur verið til ýmissa þátta í ofangreindir úttekt, m.a. stefnumótun ráðuneytis í íþróttamálum, laga og reglugerða, tölfræði og upplýsingum úr ársreikningum, ársskýrslum og starfsskýrslum íþróttahéraða, skýrslna fyrri vinnuhópa um sama málefni, lottóskiptingu ÍSÍ og UMFÍ og samantekt frá ráðstefnunni „Skipulag íþróttamála“, sem haldin var á vegum ÍSÍ í nóvember 2018.

Niðurstöður ráðstefnunnar 2018 voru mjög skýrar og lutu allar að auknu samstarfi og sameiningum í hreyfingunni. Spurningakönnun var einnig lögð fyrir stjórnir íþróttahéraða 2022 þar sem m.a. kom fram að 63% svarenda telja skynsamlegt að fækka íþróttahéruðum. Ákall hefur borist frá ýmsum sambandsaðilum, m.a. frá ársþingum þeirra, um aukið samstarf á milli samtakanna.

Við flutning þjónustuskrifstofu UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal hefur samstarfið aukist og einfaldast, þar sem starfsfólk er að vinna í sama húsi. Verið er að vinna að fjölmörgum sameiginlegum verkefnum á vettvangi ÍSÍ og UMFÍ, og má nefna rekstur svæðisstöðva, verkefnið **Allir með** í samstarfi við ÍF, útgáfa á bæklingum **Vertu með** sem beint er að börnum og ungmennum með erlendan bakgrunn, starfsskýrslukerfi og ýmis fræðsluverkefni og ráðstefnur.